

Skýrsla framkvæmdarhóps Rökkvunnar um fyrstu hátíðina sem fór fram 28. Október 2022.

Niðurstöður stöðufundar með Rökkvuhópnum, 3. nóvember kl. 9:00

Mætt voru: Tinna Margrét, Bryndís, Einar, Matthías, Guðrún Ágústa, Gunni Rich og Ólöf.

1. Rætt um tæknimál á hátíðinni. Ljóst að tæknirennslí þarf að vera til staðar fyrir alla hópa svo útkoman verði sem best fyrir alla og tryggt verði að „stóra númerið“ á hátíðinni átti sig á tímaramma hljóðprufa. Að ári verði „Backline“ til staðar fyrir alla þátttakendur og notað af öllum þeim sem koma fram og verði samið um slíkt þegar aðalnúmer næstu hátíðar verður ráðið. Æskilegt væri að koma fyrir baklýsingu á sviði, ró með kösturum sem mundu auka möguleika á skemmtilegri sviðslýsingu.
2. Ætti hátíðin að teygja sig yfir á fleiri daga? Fyrirhöfnin ærin fyrir aðeins eitt kvöld en um leið mikil stemning að hafa hátíðina svona samþjappaða en skipti á milli tónlistaratriða gengu ansi vel þrátt fyrir þetta dagskrá.
3. Rætt um notkun á Garðatorgi 7 á næsta ári þegar sýningin Aftur til Hofstaða verður opnuð og hvort dagskrá gæti teygt sig yfir á torgið og inn á 'bókasafn.
4. Fjármögnunarleiðir fyrir Rökkvuna 2023 ræddar. Sendur verði út póstur til að kynna hátíðina og undirbúa fjármögnun á næsta ári strax í nóvember/desember á meðan enn er ferskt í minni fólks hve vel heppnuð fyrsta hátíðin var.
5. Rætt um matarvagna og hvort dugi að hafa tilboð á veitingastöðum á Garðabæjar, einn matarvagn var á staðnum og ekki mikil sala.
6. Ánægja með samvinnu við Lionsmenn sem stóluðu og sáu um sölu á drykkjum. Rætt um að barirnir hefðu þurft að vera dúkaðir og skreyttir en úr því verður bætt á næsta ári.
7. Launamál Rökkvuhópsins rædd en ungmennin lögðu ærna vinnu í hugmyndavinnu, fundi og skipulagningu. Þá tóku þau að sér þrif og skreytingar í Betrunarhúsi, uppsetningu sviðs og kynningarmál að stórum hluta.
8. Fyrstu hugmyndir um aðalnúmer næstu hátíðar ræddar og ljóst að hópurinn er spenntur fyrir næstu hátíð.
9. Þeir aðilar sem komu að undirbúningi og vinnu við hátíðina voru auk Gunna Rich, Ólafar Breiðfjörð og Rökkvuhópsins starfsmenn áhaldahúss sem unnu frábært starf og samvinna við þá til sóma. Máni og Hákon, tæknimenn á vegum Gunna Rich unnu einnig frábært starf.
10. Hjálpar sveit Skáta í Garðabæ sáu um gæslu en 3 voru á vakt fyrir kl. 21 en þá bættust 2 við svo alls voru 5 sýnilegir gæslumenn á staðnum. Þetta gaf hátíðinni mikið öryggi og samvinna við gæslufólk frábært.
11. Leyfismál tóku stóran toll af starfi menningarfulltrúa vikunnar fyrir hátíðina en ljóst er að Slökkvilið sættir sig aðeins við mjög nákvæma teikningu af viðburðasvæði og að öllum reglum sé framfylgt. Sótt var um leyfi fyrir 500 manna samkomu og áfengisleyfi. Viðbragðsáætlun liggur nú fyrir sem menningarfulltrúi vann í samvinnu við Slökkvilið.
12. Aðrar hátíðir ræddar s.s. aðventuhátíð Garðabæjar sem fer fram 26. nóvember og hvort sumarhátíð sem þrjónuð sé saman við Jónsmessugleði Grósku sé eitthvað sem Rökkvuhópurinn gæti hugsað sér að taka þátt í skipulagningu á.

Ánægjulegum fundi slitið kl. 10:30

